

Áhugaverðu ljósi varpað á íslenska stjórn málasögu

Bókarhöfundur: **Hannes Hólmsteinn Gissurarson**.
Bókarheiti: **Íslenskir kommúnistar 1918-1998**.
Gagnrýnandi: **Gunnlaugur A. Júlíusson**, hagfræðingur.
Útgáfa: **Almenna bókafélagið; Reykjavík 2011, 624 bls.**

Í umsögn gagnrýnenda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

“Vafalaust er túlkun höfundar á því efni sem fram kemur í langri bók talin umdeilanleg af einhverjum. Það er eðlilegt þar sem sjónarmið einstaklinga og sýn þeirra á menn og málefni eru mismunandi. Engu að síður er ritun bókarinnar „Íslenskir kommúnistar 1918-1998“ að mínu mati verðmætt innlegg í íslenska stjórn málasögu sem varpar nýju ljósi á margt sem áður var hulið einföldum áhugamanni um íslensk stjórn máll.“

Umbrotatímar í stjórn málum

Á árunum í kringum 1970 var mikil undiraldla víða um hinn vestræna heim. Hennar sá ekki síður stað héraendis en úti í hinum stóra heimi. Stúdentauppreisnir, mótmæla- aðgerðir gagnvart Víetnamstríðinu, menningarbylting sem var leidd af rokktonlistinni og þannig mætti áfram telja. Lífsins ólgusjór kraumaði og svall. Á þessum tíma voru lífsskoðanir rýnanda ofangreindrar bókar að mótast. Vafalaust ræður oft hending ein í mörgum tilvikum hvaða áhrifavaldar eru sterkastir á því tímabili. Ég minnst mjög vel hverjir þeir voru í mínu tilviki. Þorskastríðin og umræðan um tilvist hersins höfðu einnig nokkur áhrif í þessu sambandi. Niðurstaðan varð alla vega innganga í Alþýðubandalagið og skráning að áskrift að Þjóðviljanum og Rétti. Í augum þeirra sem voru róttækir fyrir alvöru var þetta á hinn bóginn mjög smáborgaraleg afstaða. Aðrir voru á andstaðri skoðun. Svona getur allt verið afstætt.

Á þessum tíma var aðgengi að upplýsingum miklu takmarkaðra en það er nú. Heimurinn var frekar einfaldur. Þjóðviljinn og Morgunblaðið tókust á um hvað væri rétt og hvað væri rangt í hinum stóru spurningum í heimspólitíkinni. Vitaskuld tók maður af-



stöðu með sínum mönnum án þess að vita svo sem mikið um raunverulegar forsendur umræðunnar. Svo liðu árin og urðu samtals 25 þar til leiðir skyldu. Á þeim tíma urðu gríðarlegar breytingar í evrópskum stjórnámálum, svo miklar að fólk sem nú er ungt að árum á erfitt með að ímynda þær. Það voru áhrifamiklir dagar þegar hver kommúnista-stjórnin eftir aðra í Austur Evrópu lagði upp laupana. Berlínarmúrinn var brotinn í smátt í þess orð fyllstu merkingu. Sovéski kommúnistaflokkurinn var bannaður eins og hver önnur ótínd glæpasamtök. Fyrrum sjálfstæð þjóðríki vörpuðu af sér okinu og fengu sjálfstæði á nýjan leik. Boðað var til almennra kosninga í löndum þar sem kommúnistiskt einræði hafði ríkt áratugum saman. Ég var svo heppinn að ég náði persónulega að fá örlitla tilfinningu fyrir gildi þessara breytinga. Ég var staddur í Rússlandi þegar byltingar-tilraunin var gerð í Moskvu í ágúst 1991. Viðbrögð fólksins sem gat búist við að fá yfir sig gamla stjórnarfarid aftur eftir að hafði farið að glitta í nýja tíma líður ekki úr minni. Ég bjó í Rússlandi um átta mánaða skeið á árunum 1995-1996. Það var mikil upplifun að uppgötva hve feysknir innviðir þessa samfélags voru sem til skamms tíma hafði verið litið á sem heimsveldi í forystuhlutverki. Í heimsókn til Eistlands var ég svo heppinn að kynna konu sem gat og vildi lýsa því af eigin raun hvernig var að alast upp og búa í Eistlandi undir hrammi sovéska bjarnarins. Þá flugu í hug ljóðlínurnar: „Sovét Ísland óskalandið – hvenær kemur þú?“

Innsýn bak við tjöldin

Eitt með öðru sem gerðist í kjölfar þessara gríðarlegu breytinga var að aðgengi fékkst að skjalasöfnum fyrrum kommúnistaríkja. Það var hluti af uppgjöri viðkomandi stjórnvalda við fortíðina. Vegna þess gátu fræðimenn fengið innsýn í það sem gerðist í raun og veru bak við tjöldin á hverjum tíma. Það breytti miklu í umfjöllun og starfi sagnfræðinga og annarra áhugamanna um samtímasögu. Aðgengi að skjalasöfnum gaf möguleika á að fara yfir frumheimildir í mörgum þeirra mála og atburða þar sem höfðu staðið staðhæfingar á móti staðhæfingu hjá þeim sem voru á öndverðum meiði í gegnum tíðina. Bækur urðu aðgengilegar gegnum bókaverslanir á netinu þannig að áhugasamir voru ekki lengur háðir því hvort bókaverslanir hérlendis hefðu þær til sölu eða ekki. Allt þetta gerði að verkum að Pótemkímjtjöldunum var svipt frá því sem raunverulega gerðist á hverjum tíma.

Hérlendis hafa nokkrir fræðimenn lagt sitt af mörkum til að varpa ljósi á íslenska stjórnmalasögu í því samhengi sem hefur skýrst eftir fall Sovétríkjanna og annarra kommúnistaríkja í Austur Evrópu. Allmargar athyglisverðar bækur hafa verið skrifaðar, á þeim tíma sem frá er liðinn, sem skýra margt upp á nýtt, setja hlutina í nýtt samhengi og gefa óbreyttum almenningi möguleika á að gera sér betri grein fyrir hlutunum en hægt var á meðan einstaklingar og fylkingar stunduðu skyldingar með stóryrðum og fullyrðingum um hvað væri rétt og hvað væri rangt í þessum efnun.

Yfirlit mikið verk

Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor hefur nýlega sent frá sér bókina „Íslenskir kommúnistar 1918 – 1998“. Bókin fellur vel inn í það uppgjör sem hefur farið fram

um sovétkommúnismann á mörgum sviðum á liðnum árum. Í henni er farið ítarlega yfir aðdraganda að stofnun Kommúnistaflokks Íslands árið 1930 og hvernig sú stjórnmalahreyfing, sem þar var formlega mynduð, þróaðist síðan næstu tæpa sjö áratugi. Nákvæmlega er farið yfir tengsl íslenskra kommúnista við erlenda skoðanabræður sína og hvaða áhrif þau samskipti höfðu inn í íslenska stjórnmalasögu.

Bókin hefst á frásögn af því þegar Henrik Siemsen Ottósson og Brynjólfur Bjarnason, þá námsmenn í Kaupmannahöfn, verða vitni að götubardaga á Grænatorgi haustið 1918 þar sem róttækir jafnaðarmenn börðust við lögregluna. Þeir félagar sátu framhaldsstofnþing Komintern, alþjóðadeildar Sovéska kommúnistaflokksins í St. Pétursborg og Moskvu árið 1920 og urðu síðar hvatamenn að stofnun Kommúnistaflokks Íslands og helstu forystumenn hans. Bókinni lýkur síðan á frásögn af því þegar fólk úr forystu Alþýðubandalagisins fer í boðsferð til Kúbu síðla árs 1998 á vegum kommúnistaflokks Kúbu, án þess þó að ná að hitta Kastró. Það sama ár hætti Alþýðubandalagið formlegri starfsemi og lauk þar með ákveðnum kafla í stjórnmalasögu Íslands.

Að baki ritun bókarinnar liggur gríðarleg heimildasöfnun enda eru vandaðar heimildir forsenda þess að bækur sem þessi séu betur skrifaðar en óskrifaðar. Tilvísanaskrá telur tæpar 60 síður og heimildaskrá 20 síður. Vitaskuld geta verið skiptar skoðanir um hvernig unnið er úr ákveðnum heimildum og hvaða ályktanir eru dregnar af einstökum atriðum. Á hinn bóginn hef ég ekki orðið var við umræðu um að meðferð heimilda væri ábótavant eða máli hallað á annan hátt. Vafalaust hefur þó bókin verið lesin af mörgum sem málið viðkemur á einn eða annan hátt því hér eru margir nafntogaðir einstaklingar tilgreindir. Því er ekki hægt að álykta öðruvísi en svo að rétt sé farið með staðreyndir í öllu því sem máli skiptir um efnistöð og efnismeðferð.

Það er ekki vandalaust að taka til í stuttri grein þau atriði sem helst standa upp úr úr svo yfirgrípsmikilli bók sem hér um ræðir. Vafalaust verður það aldrei gert svo að öllum líki. Það sem einum finnst skipta máli finnst öðrum aukaatriði. Það er bara eins og gengur í þeim efnunum. Ég fer hér yfir nokkur þeirra atriða sem mér fundust sérstaklega athyglisverð við lestur bókarinnar og skipta miklu máli að mínu mati þegar lagt er mat á heildarmynd þess tímabils sem bókin nær yfir.

Víðtæk áhrif á íslensk stjórnmal

Það vekur athygli við lestur bókarinnar að skýrt kemur fram hjá höfundu hve áhrif Komintern og sovéska kommúnistaflokksins voru mikil á framvindu mála á vinstri væng stjórnmalanna hérlendis á fyrri hluta síðustu aldar. Þau áhrif voru miklu meiri og víðtækari en ég hafði gert mér grein fyrir. Sem dæmi má nefna að tillögur voru settar fram í höfuðstöðvum Komintern í Moskvu um hvernig staðið skyldi að flokksstofnun kommúnista á Íslandi. Starfsskrá fyrir væntanlegan flokk var skrifuð í Moskvu. Framkvæmdastjórn Komintern lagði drög að dagskrá ráðstefnu sem haldin var á vegum flokksins á haustdögum 1931 og fjallaði um stefnumótun flokksins til framtíðar. Stjórnmalanefnd Komintern samþykkti fyrirmáli til íslenska kommúnistaflokksins árið 1932 um vinnu- lag og áherslur í starfi flokksins. Að síðustu samþykkti nefnd Komintern ályktun um „Höfuðverkefni kommúnistaflokks Íslands“ þann 8. september 1937 þar sem íslenskir

kommúnistar fengu skýr fyrirmæli um að stefna að sameiningu við Alþýðuflokkinn. Þar var línan einnig lög um stefnu og áherslur hins nýja stjórnmalaflokks. Stofnfundur Sameiningarflokks Alþýðu, sósíalístaflokksins var síðan haldinn í október árið eftir.

Fjárhagslegur stuðningur

Langt fram eftir síðustu öld kom af og til upp umræða hérlendis að sovéski kommúnistaflokkurinn styrkti starfsemi kommúnistaflokksins og síðar sósíalístaflokksins fjárhagslega. Um það spunnust miklar og oft heitar umræður. Rússagullið barst iðulega í tal og var hús Máls og Menningar til dæmis uppnefnt „Rúblan“ með skírskotunar til að uppbygging þess hefði að hluta til verið fjármögnuð með fé frá sovéska kommúnistaflokknum. Því var vitaskuld harðlega neitað af hlutaðeigandi. Það kemur á hinn bóginn fram í bókinni að heimildir eru til um að forsvarsmenn byggingar húss Máls og Menningar hafi snemma árs 1959 gengið á fund sovéska sendiherrans á Íslandi og óskað eftir fjárstuðningi til að kosta byggingu þess. Það langt í frá eina dæmið um fjármálaleg samskipti sovétmanna og forsvarsmanna kommúnistaflokksins og síðar sósíalístaflokksins. Því var t.d. slegið upp í Dagblaðinu árið 1979 að íslenskir kommúnistar hafi á árum áður þegið fé erlendis frá til að fjármagna starfsemi sína. Slíkum fullyrðingum var vísað frá sem fjarstæðu af þeim sem gerst þekktu til. Í bókinni fer höfundur ítarlega yfir þessi mál og er m.a. stuðst við frumheimildir úr skjalasöfnum sovéska kommúnistaflokksins. Rakin eru fjölmörg dæmi um að verulegir fjármunir hafi runnið um áraradír frá sovéska kommúnistaflokknum og alþjóðadeild hans til margháttaðra verkefna sem tengdust starfsemi Kommúnistaflokks Íslands og sósíalístaflokksins á Íslandi. Það má nefna útgáfumál, sem oft voru fjárhagslega erfið, kaup á prentvélum, húsnæðismál, fjármögnun kosningabaráttu, almennt stjórnmalastarf, rekstur MÍR og þannig mætti áfram telja samkvæmt þeim heimildum unnið er upp úr í bók Hannesar. Einnig kemur fram að þann 3. júlí 1952 hafi miðstjórn kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna samþykkt að veita verkamannafélaginu Dagsbrún í Reykjavík sérstakan styrk, fimm þúsund bresk pund, sem greiddur skyldi úr ríkissjóði Ráðstjórnarríkjanna. Þetta voru um hundraðföld mánaðarlaun verkamanns svo hér var um verulega fjármuni að ræða. Svo virðist sem sendiráð Sovétríkjanna á Íslandi hafi verið mikilvægur milliliður í þessum fjárhagslegu samskiptum. Það eru náttúrulega veruleg tíðindi að erlent stórveldi hafi á þennan hátt beint fjármunum inn í íslensk stjórnmal og þróun íslenskrar stjórnmalasögu. Æ sér gjöf til gjalda.

Boðsferðir með tilgangi

Á fyrri hluta og um miðbik síðustu aldar, þegar utanlandsferðir almennings voru giska fátíðar, voru samskipti Sovétríkjanna og vinstri manna mikil á því sviði. Boðs- og kynnisferðir til Sovétríkjanna voru tíðar og eftirsóttar af eðlilegum ástæðum. Tiltölulega þröngur hópur átti oft leið til sólarstranda við Svartahaf sér til hvíldar og hressingar eins og það var kallað. Aðrir fóru oft til Sovétríkjanna í pólitískum erindagjörðum eðli máls samkvæmt. Yfirleitt komu ferðalangarnir til baka með hástemmdar lýsingar á því sem þeir höfðu upplifað í sæluríki kommúnismans. Á því voru þó undantekningar og

má nefna Stein Steinarr skáld í því sambandi. Í bókinni er skýrt frá því þegar hann fór ásamt fleirum árið 1956 í þriggja vikna ferð um Sovétríkin í boði Friðarsamtaka Ráðstjórnarríkjanna eins og það var kallað. Hann vandaði stjórnarfráttir Ráðstjórnarríkjanna ekki kveðjurnar við heimkomuna. „Ég held að það sé eins konar ofbeldi, ruddalegt, andlaust og ómannúðlegt“ lét Steinn hafa eftir sér. Viðhorf skáldsins vöktu ekki sérstaklega góðar undirtektir hjá þeim sem höfðu valið ferðalangana í umrædda ferð. Ekki var nema von að ýmsir, sem höfðu enga möguleika á að kynna sér málin frá eigin hendi, hafi trúað því að þar eystra hafi tekist að skapa nýtt og betra þjóðskipulag þegar tekið var mið af frásögnum flestra þeirra sem höfðu ferðast um Ráðstjórnarríkin. Má í því sambandi minnst á Gerska ævintýrið sem er ein af frásagnarbókum Nóbelskáldsins. Fram kemur hjá HHG að bókin hafi í raun verið andsvar skáldsins við ýmsum ritum sem höfðu komið við kaunin á íslenskum kommúnistum. Laxness var fyrsti forseti MÍR (Menn-ingartengsl Íslands og Ráðstjórnarríkjanna). Sem virt skáld sem ferðaðist mikið um Sovétríkin hafði hann mikil áhrif á alla umræðu um þau mál hérlendis. Í bókinni kemur fram að mælt hafi verið með því að honum yrði veittur aðgangur að réttarhöldunum yfir Búkharín og félögum með því fororði að hann „gæti orðið okkur að góðu gagni“ samkvæmt bréfi Wilhelms Florin til Georgí Bímítrov, forseta Komintern frá 3. mars 1938. Réttarhöldin yfir Búkharín og félögum hans eru nú talin vera ein mesta skrumskæling á réttarríkinu sem hægt er að hugsa sér. Sakborningarnir voru allir fundnir sekir og skotnir samstundis. Í þessari dvöl í Moskvu verður hann einnig vitni að því þegar leyniþjónusta Sovétríkjanna handtekur Veru Herzsich, barnsmóður Benjamíns Eiríkssonar eins og nú er alþekkt. Frá því sagði hann ekki opinberlega fyrr en í bókinni Skáldatíma sem kom út 25 árum síðar eða árið 1963. Þar fer fram uppgjör skáldsins við harðlínukommúnisma Stalíns skv. bókarhöfundi og vakti það eðlilega blendnar tilfinningar hjá þeim sem höfðu fram til þess getað treyst á stuðning þess í hinni pólitísku baráttu.

Ólíkar frásagnir

Það var þó ekki svo að ekki bærust frásagnir af hinni dökku hlið sovétkommúnismans til Íslands á þessum árum og áratugum. Um það eru rakin allmörg dæmi í bók Hannesar. Þar var bæði um að ræða bækur og frásagnir einstaklinga sem höfðu reynt dvölinna þar austur frá á eigin skinni og síðan frásagnir einstaklinga sem höfðu ferðast um Sovétríkin og upplifað margt sem stakk í augun. Það er athyglisvert að fá yfirlit um viðbrögð þeirra sem stóðu vörð um ásýnd Sovétríkjanna hérlendis af ýmsum ástæðum við þessari hlið mála. Það var tekið harkalega á móti þegar þótti vegið að ásýnd Sovétríkjanna. Oft var vaðið beint í höfundinn og reynt að gera hann tortryggilegan í augum almennings. Kravtsjenkó, sem leitaði hælís í Bandaríkjunum og skrifaði bókina „Ég kaus frelsið“ árið 1947 var kallaður alkóhólisti og drykkjusjúklingur og bókin sögð fölsuð. Bókin var einnig sögð svo leiðinleg að það væri ekki hægt að lesa hana. George Orwell var sagður fullur mannfyrirlitningar og bölsýni þegar hann skrifaði bók sína „1984“. Ritid „Þrælubúðir Stalíns, Ákæra“, sem kom út árið 1952 fékk þá umsögn í Þjóðviljanum að það væri bandarískt áróðursrit á bjagaðri íslensku. Skáldsagan „Myrkur um miðjan dag“ eftir ensk ungverska rithöfundinn Koestler var þýdd á íslensku árið 1947. Hún fjallar

um gamlan bolsévikaforingja sem ákveður að jata á sig allar sakir sem leynilögreglan vill. Bókin fékk þá umsögn í Rétti að 40% af fullyrðingum höfundar væru hreinn uppspuni, 23% grófar falsanir og 14% væru rangfærslur. Koestler hafði áður komið við sögu á Íslandi þegar birt var ritgerð eftir hann í Lesbók Morgunblaðsins um ógnarstjórn Stalíns og trúgirnir vestrænna menntamanna hvað hana varðaði. Hann fékk þá umsögn að hann væri falsspámaður, hann væri ekki kristinn, hann ómerkingur sem hefði verið keyptur af fasismanum og ritgerðin nefnd „níðritlingur fasistaþjónsins Koestlers“. Morgunblaðið hefði síðan sett nýtt met í síðlausri blaðamennsku með því að birta ritgerðina. Hér verða ekki nefnd fleiri dæmi um þessa hlið umræðunnar en ljóst er að hart var tekist á um ímynd Sovétríkjanna og ekkert gefið eftir af þeim sem vörðu hana af ýmsum ástæðum. Sagan hefur á hinn bóginn fellt sinn dóm um þessar deilur.

Viðbrögð á Íslandi

Í bókinni er farið ítarlega yfir ýmis mál sem voru íslenskum kommúnistum erfið. Fróðlegt að sjá viðbrögð nafngreindra einstaklinga við atburðum eins og innrás Sovétríkjanna í Finnland árið 1939, innrásina í Ungverjaland árið 1956 og innrásina í Tékkóslóvakíu árið 1968. Ýmsir vörðu allar þessar aðgerðir sovétmanna. Orð geta verið dýr í sögulegu samhengi. Aðrir vinstri menn lýstu mikilli andúð á framferði Sovétríkjanna, það mikilli að þeir jafnvel yfirgáfu bæði málstaðinn og hreyfinguna. Við innrásina í Tékkóslóvakíu var andrúmsloftið orðið á þann veg að bæði miðstjórn Alþýðubandalagsins og Þjóðviljinn fordæmdu innrásina og sleit Alþýðubandalagið upp úr því öll tengsl sín við kommúnistaflokka þeirra ríkja sem höfðu staðið að innrásinni í Tékkóslóvakíu. Allir þessir atburðir vöktu andúð mikils hluta íslensku þjóðarinnar og voru stuðningsmönnum þeirra erfiðir.

Rakið er á ítarlegan hátt í bókinni hvernig smám saman fjarar undan hinni kommúnistisku hreyfingu í Evrópu eftir því sem árin líða. Sovétríkin liðast í sundur og kommúnistar missa völdin í Austur Evrópu á einn eða annan hátt. Andrúmsloftið breytist og þegar frá líður verður ógnarvald Sovéska kommúnistaflokksins yfir Sovétríkjunum og stórum hluta Evrópu eins og vondur draumur. Hérlandis fór ekki fram hugmyndafræðilegt uppgjör hvað þessi mál varðaði. Fram komu þó skoðanir þess efnis úr röðum vinstri manna að slíkt væri óhjákvæmilegt eins og kemur fram í bók Hannesar. Það hefði reyndar hvorki verið einfalt né þrautalaust. Átökin í Alþýðubandalaginu á árunum í kringum 1990 áttu líklega að nokkru leyti rætur að rekja til slíkra hluta.

Lokaorð

Hér hefur verið stiklað á stóru um bók Hannesar Hólmsteins, „Íslenskir kommúnistar 1918-1998“. Mörgu er sleppt sem fjallað er um í bókinni á áhugaverðan hátt. Þar má til nefna Drengsmálið, Gúttóslaginn, inngöngu Íslands í Nató, samninginn um veru varnarliðsins, stofnun og starfsemi friðarhreyfinga af ýmsum toga og fleira og fleira. Vafalaust er túlkun höfundar á því efni sem fram kemur í langri bók talin umdeilanleg af einhverjum. Það er eðlilegt þar sem sjónarmið einstaklinga og sýn þeirra á menn og

málefni eru mismunandi. Engu að síður er ritun bókarinnar „Íslenskir kommúnistar 1918-1998“ að mínu mati verðmætt innlegg í íslenska stjórnmálasögu sem varpar nýju ljósi á margt sem áður var hulið einföldum áhugamanni um íslensk stjórnmal.